



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík 11. febrúar 2022
Tilv.: UMH22010229/8.13

Vísað er til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 20. janúar sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá ákvæðum 14. og 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, vegna grunnskólastarfsemi á þriðju hæð í húsnæði Knattspyrnusambands Íslands að Reykjavegi 15 í Reykjavík. Húsnæðið hafi áður verið notað sem skólahúsnæði með undanþágu frá fyrrgreindum 14. og 38. gr. reglugerðarinnar. Sótt sé um tímabundna undanþágu vegna kennslu tæplega 100 nemenda á meðan að húsnæði Laugalækjarskóla verði lagfært vegna rakaskemmda og myglu. Kennslurými og matsalur séu aðskilin, húsnæðið sé ekki samþykkt sem kennslurými fyrir grunnskóla og í húsnæðinu sé ekki aðstaða til aðhlyningar nemenda vegna skyndiveikinda og ekki séu handlaugar í hverri kennslustofu.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar þann 21. janúar sl.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 26. janúar sl. kemur fram að umsókn um tímabundið starfsleyfi hafi borist Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 21. janúar sl. Nefndin veiti jákvæða umsögn um veitingu á tímabundinni undanþágu frá ákvæðum 14. og 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, fyrir grunnskólastarfsemi í húsnæði að Reykjavegi 15. Verði umbeðin undanþága veitt frá ákvæðum reglugerðarinnar fyrirhugar heilbrigðisnefnd að veita starfsleyfi fyrir grunnskólastarfsemi í umræddu húsnæði.

Í umsögn Umhverfisstofnunar í bréfi, dags. 4. febrúar sl., kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við að umbeðin tímabundin undanþága verði veitt út árið 2022 að því gefnu að öðrum skilyrðum starfsleyfis verði fylgt í hvítetna, ásamt þeim skilyrðum sem ráðherra kann að binda undanþáguna, verði hún veitt.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem hafa skapast vegna rakaskemmda og myglu í Laugalækjaskóla og nauðsyn þess að ráðast í skjótar viðgerðir þarf að bregðast við og tryggja tímabundið húsnæði fyrir nemendur skólans til að halda kennslu og skólastarfi áfram. Í ljósi þessa, framangreindra umsagna og brýnnar þarfar á að skólastarf Laugalækjaskólí geti haldið áfram með sem minnstri röskun og með vísan til 2. mgr. 41. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. einnig 74. gr. reglugerðar um hollustuhætti, fellst ráðuneytið á að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar undanþágu frá 14. og 38. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, vegna kennslu á þriðju hæð í húsnæði Knattspyrnusambands Íslands að Reykjavegi 15 í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar skal tryggja öryggis- og hollustuháttareglur.

Starfsemin er starfsleyfisskyld og háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Undanþága þessi er bundin því skilyrði að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur veiti starfsleyfi fyrir grunnskólastarfsemi í umræddu húsnæði Knattspyrnusamband Íslands að Reykjavegi 15 í Reykjavík.

Undanþága þessi gildir lengst til 31. mars 2022.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur vegna starfseminnar.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur